

Fundur í stjórn Vorsteh deildar – 6.1.2026 - Fundargerð

Þriðjudaginn 6. Janúar 2025 kl. 18:40 var haldinn fundur í stjórn Vorsteh deildar HRFÍ.

Fundurinn var haldinn rafrænt í gengum Messenger.

Á fundinum voru: Friðrik, Gréta, Hafrún og Jón.

Umræðu efni fundarins:

- Fram kom að Sigrún hefði ákveðið að segja sig úr stjórn af persónulegum ástæðum.
- Rætt var um næsta aðalfund. Rætt var um að halda aðalfund í febrúar þar sem HRFÍ gerir kröfur til þess. Ákváðum að hafa fundinn 24. Febrúar 2026 í Sal HRFÍ og Hafrún ætlar að kanna með að bóka salinn.
- Rætt var um veiðipróf deildarinnar, en allar deildirnar auk Norðurhunda voru ekki búinn að senda í umsóknir um prófdaga. Niðurstaðan var að við sækjum um þau próf sem við höfum verið með og að Friðrik ætlar að setja saman kostnaðaráætlun og vera í sambandi við Hauk hjá FHD.
- Fram kom að DESÍ virðist ekki ætla að halda próf þetta árið.
- Rætt var um stigatölfu vegna árangurs á veiðiprófum og sýningum 2025. Stefnum við á að birta hana á vef og facebook síðu Vorsteh deildar. hefur verið tekið saman eftir bestu getur (uppflettingum á vef-/facebooksíður deildanna og uppflettingum í gagngrunni HRFÍ.
- Ræddum ýmis frágangsmál vegna síðastliðins árs. Erum búinn að kalla eftir að fá greitt uppgjör fyrir síðasta veiðipróf sem hafði ekki skilað sér og að gera upp útlagðann kostnað þeirra aðila sem hafa greitt fyrir slíkt.
- Brynjar ætlar að setja upp ársreikning fyrir okkur.
- Rætt var um styrktaraðila og stöðu þeirra mála
- Rætt var um þýðingu á nýjum reglum og úrvinnslu þess. Jón hefur f.h. Vorsteh deildar unnið að því auk fulltrúa FHD og DESÍ. Það er í raun kominn að mati Jóns góður grunnur en það þarf yfirlestur og helst af aðila sem hefur góð tök á Norsku. Jón ætlar að ræða við FHD og DESÍ til að koma því áfram.